

**BORGUN**

## **Viðskiptaskilmálar Borgunar**



## Efnisyfirlit

Skilgreiningar .....	3
Félag .....	3
Alþjóðlegu kortafélögin .....	3
Seljandi .....	3
Forsvarsmáður .....	3
Tengiliður .....	3
Debetkort .....	3
Kreditkort .....	3
Pinn númer .....	3
Öryggisnúmer .....	3
Öryggisbúnaður alþjóðlegu kortafélaganna (3D Secure) .....	3
Afgreiðslutæki .....	3
Neytendalán .....	3
Lánavefur .....	3
Þjónustuvefur .....	3
Myntval DCC .....	3
PA-DSS vottun (Payment Application Data Security Standard) .....	3
PCI DSS staðall (Payment Card Industry Data Security Standard) .....	3
<b>Almennir viðskiptaskilmálar .....</b>	<b>4</b>
1.    Aðild og gildissvið .....	4
2.    Mat á fjárhags- og rekstrarstöðu seljanda .....	4
3.    Trúnaðarskyldur og upplýsingaöryggi .....	5
4.    Skylda til móttöku korta .....	6
5.    Framvísun korts - skyldur seljanda .....	6
6.    Kynning á viðtöku korta .....	8
7.    Viðskiptakjör korthafa .....	8
8.    Úttektir .....	9
9.    Ábyrgð á úttektum .....	10
10.   Skráning úttekta .....	10
11.   Úttektarmörk .....	10
12.   Endurgreiðslur .....	11
13.   Uppgjörstímabil vegna kreditkorta .....	11
14.   Uppgjör vegna debetkorta .....	11
15.   Afgreiðslutæki .....	11
16.   Netfærslur .....	12
17.   Þóknun og uppgjör milli félagsins og seljanda .....	13
18.   Framsál réttar seljanda - ágreiningur seljanda og korthafa .....	13
19.   Gildistími og lok samnings .....	14
20.   Breytingar á skilmálum .....	15
21.   Tjón af völdum utanaðkomandi aðstæðna .....	15
22.   Varnarþing .....	15
<b>Sérstakir viðskiptaskilmálar .....</b>	<b>16</b>
1.    Boðgreiðslur .....	16
2.    Framlag .....	16
3.    Léttgreiðslur .....	16
4.    Lánavefur .....	17
5.    Þjónustuvefur .....	18

# Skilgreiningar

**Félag** Borgun hf.

**Alþjóðlegu kortafélögin** American Express, Diners Club, Discover, JCB, Maestro International, MasterCard Worldwide, UnionPay og Visa Europe.

**Seljandi** Rekstraraðili sem hefur heimild til móttöku greiðslukorta á grundvelli þjónustusamnings við Borgun.

**Forsvarsmaður** Prókúruhafi samkvæmt hlutafélagaskrá eða annar aðili sem hefur heimild til þess að koma fram fyrir og binda lögaðila/félagasamtök.

**Tengiliður** Sá sem annast dagleg samskipti við Borgun í umboði prókúruhafa.

**Debetkort** Greiðslukort sem gerir korthafa kleift að greiða fyrir vöru eða þjónustu með því að heimila færslu á reikning sem stendur að baki kortsins.

**Kreditkort** Greiðslukort sem gerir korthafa kleift að greiða fyrir vöru eða þjónustu án þess að reikningur/innistæða standi að baki kortinu.

**Pinn númer** Leyninúmer korthafa á korti.

**Öryggisnúmer** Sérstakt öryggisnúmer sem ýmist er skráð framan á eða aftan á kreditkort, t.d. prentað á undirskriftarrönd korts og þarf að gefa upp í viðskiptum á netinu.

**Öryggisbúnaður alþjóðlegu kortafélaganna (3D Secure)** Ráðstöfun sem eykur öryggi kortaviðskipta á netinu.

**Afgreiðslutæki** Posi eða annars konar rafrænn búnaður sem gerir seljanda kleift að taka á móti kortum.

**Neytendalán** Lán fyrir vöru eða þjónustu seljanda með mánaðarlegum afborgunum, ýmist með vöxtum eða vaxtalaus.

**Lánavefur** Vefur félagsins sem seljendur geta fengið aðgang að til þess að veita viðskiptavinum sínum neytendalán fyrir vöru eða þjónustu.

**Þjónustuvefur** Vefsvæði Borgunar sem seljandi getur fengið aðgang að í þeim tilgangi að nálgast upplýsingar um greiðslukortaviðskipti, svo sem uppgjör, viðskiptayfirlit og einstaka kortafærslur. Jafnframt getur seljandi framkvæmt þar ýmsar aðgerðir svo sem sent inn boðgreiðslur.

**Myntval DCC** Hugbúnaður sem gerir seljanda kleift að bjóða viðskiptavinum sínum að greiða fyrir vöru eða þjónustu í eigin gjaldmiðli.

**PA-DSS vottun (Payment Application Data Security Standard)** Vottun staðlaðs greiðslu-búnaðar framkvæmd af viðurkenndum aðila (PA-QSA).

**PCI DSS staðall (Payment Card Industry Data Security Standard)** Öryggisstaðall sem alþjóðlegu kortafélögin hafa komið sér upp og miðar að því að vernda kortaupplýsingar og lágmarka misnotkun þeirra.

# Almennir viðskiptaskilmálar

## 1. Aðild og gildissvið

- 1.1. Skilmálar þessir gilda um færsluhirðingarþjónustu sem Borgun hf., kt. 440686-1259, Ármúla 30, 108 Reykjavík, hér eftir nefnt félagið, veitir seljanda í samræmi við samning aðila þar um. Skilmálarnir, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru hluti þjónustusamnings félagsins og seljanda og eru birtir á heimasíðu félagsins: [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Seljandi getur hvenær sem er á samningstíma óskað eftir því að fá skilmála afhenta útprentaða. Skilmálarnir hafa að geyma reglur um samskipti félagsins, seljanda og handhafa American Express, Diners Club, Discover, JCB, MasterCard, UnionPay og Visa kreditkorta og Debit MasterCard, Maestro og Visa Electron debetkorta.
- 1.2. Í upphafi samningssambands skal seljandi undirrita þjónustusamning. Þjónustusamningur gildir um öll viðskipti milli félagsins og seljanda. Forsvarsmanni einum er heimilt að óska eftir viðbótarþjónustu við þjónustusamning. Með undirritun þjónustusamnings hefur seljandi samþykkt skilmála þessa. Uppgjör vegna kreditkorta verður ekki greitt fyrr en undirritaður samningur hefur borist félaginu. Hafi tengiliður, ef annar en prókúruhafi, verið tilgreindur á þjónustusamning eða hann tilnefndur á annan hátt hefur hann heimild til þess að fá hvers konar upplýsingar varðandi þjónustusamning. Tengiliður getur hins vegar ekki tekið ákvarðanir sem snúa að daglegum rekstri seljanda gagnvart Borgun nema fyrir liggja sérstakt umboð þess efnis frá prókúruhafa viðkomandi seljanda.
- 1.3. Í þjónustusamningi er nánar tilgreint hvaða kortum seljandi hyggst taka við. Seljandi getur síðar ákveðið að taka við fleiri kortategundum. Með viðtöku hans á viðkomandi kortum og innsendingu færslna í kortakerfi félagsins vegna þeirra, telst seljandi hafa samþykkt þau kjör og skilmála sem um þau gilda á hverjum tíma. Forsvarsmanni seljanda er heimilt að óska eftir því að lokað verði fyrir móttöku einstakra kortategunda. Seljanda er heimilt og skylt að taka við öllum gildum kortum er bera þau einkennismerki er hann hefur stillt fram eða hann hefur með öðrum hætti samþykkt að veita viðtöku.
- 1.4. Sá hluti samnings er kveður á um heimild seljanda til að taka á móti American Express kortum er ætíð framseljanlegur til American Express eða þess er starfar í umboði American Express. Komi til framsals mun seljanda tilkynnt um það með a.m.k. 30 daga fyrirvara.
- 1.5. Seljanda er heimilt að taka við greiðslum með American Express, Diners Club, Discover, JCB, MasterCard, UnionPay og Visa kreditkortum og Debit MasterCard, Maestro og Visa Electron debetkortum. Þegar í skilmálum þessum er fjallað um rétt félagsins til endurgreiðslu greiddra úttekta og rétt félagsins til að hafna greiðslu úttekta með kortum, vegna mótmæla korthafa, eða vegna þess að greiðslur hafa ekki borist frá korthafa, er jöfnum höndum vísað til réttar félagsins sjálfs og útgefenda korta.
- 1.6. Seljandi veitir, með samþykki skilmála þessara, félaginu heimild til vinnslu og skráningar þeirra persónuupplýsinga sem varða framkvæmd skilmálanna sem og annarra upplýsinga sem tilgreindar eru í skilmálum þessum.

## 2. Mat á fjárhags- og rekstrarstöðu seljanda

- 2.1. Í upphafi samningssambands kannar félagið fjárhagsstöðu og lánshæfi umsækjanda um þjónustusamning. Í því skyni getur félagið kallað eftir upplýsingum frá aðilum (s.s. Creditinfo hf.) er veita aðgengi að upplýsingum um vanskil og lánshæfi seljanda og forsvarsmanna seljanda, s.s. áhættumat, upplýsingar úr vanskilaskrá og öðrum gagnagrunnum sem félagið rekur. Auk þess áskilur félagið sér rétt til að kanna í upphafi viðskipta og hvenær sem er á samningstímanum starfsstöð seljanda svo félagið geti fullvissað sig um að upplýsingar um starfsemi seljanda séu réttar. Í tengslum við slíka könnun getur félagið kallað eftir

upplýsingum um eignarhald, afgreiðslukerfi, birgðahald og starfsleyfi ef um leyfisskylda starfsemi er að ræða.

- 2.2. Félagið áskilur sér rétt til þess að hafna umsókn um þjónustusamning og/eða viðbótarþjónustu án þess að tilgreina ástæðu.
- 2.3. Félaginu er hvenær sem er á samningstímanum heimilt að kalla eftir endurskoðuðum ársreikningum og/eða árshlutareikningum seljanda og ber seljanda skylda til að verða við slíkri ósk innan 10 daga. Jafnframt er félaginu heimilt, hvenær sem er á samningstímanum, að fara fram á heimild til þess að kanna á ný fjárhagsstöðu seljanda eða forsvarsmanna hans, s.s. upplýsingar um vanskil og lánshæfi.
- 2.4. Telji félagið slíkt nauðsynlegt vegna bágrar rekstrarstöðu seljanda og/eða annarra áhættuþátta í rekstri seljanda getur félagið gert það að skilyrði fyrir samþykki umsóknar um þjónustusamning eða áframhaldandi viðskiptum að seljandi skili inn ábyrgðum fyrir efndum samnings. Ábyrgð getur verið í formi veðs, bankaábyrgðar eða þess að haldið sé eftir hluta uppgjors til seljanda.
- 2.5. Seljanda er skylt að upplýsa félagið um breytingar á rekstrarformi og/eða starfsemi seljanda. Seljandi getur tilkynnt slíkar breytingar með útfyllingu eyðublaðs á [www.borgun.is](http://www.borgun.is).

### 3. Trúnaðarskyldur og upplýsingaöryggi

- 3.1. Félagið er eitt eigandi allra gagna og upplýsinga sem í færslukerfi þess eru og/eða eiga uppruna sinn í segulrönd/örgjörva korta. Hagnýting áður nefndra gagna takmarkast þó við notkun sem beint eða óbeint er í þágu seljanda.
- 3.2. Seljandi skuldbindur sig til að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart korthafa vegna viðskipta þeirra á milli. Seljanda er óheimilt að upplýsa þriðja aðila um efni viðskipta. Félaginu er jafnframt óheimilt að upplýsa þriðja aðila um efni viðskipta korthafa og seljanda og ber skylda til að koma í veg fyrir að upplýsingar um viðskipti seljanda komist í hendur óviðkomandi aðila. Félaginu er þó ætíð heimilt að gefa American Express, Diners Club, Discover, JCB, Maestro International, MasterCard Worldwide, UnionPay, og Visa Europe upplýsingar um einstakar færslur og/eða heildarveltu á viðkomandi korti/kortum hjá seljanda. Upplýsingar má einungis láta í té sé þeirra krafist af þar til bærum aðilum vegna rannsóknar opinberra mála og/eða skylt sé að láta upplýsingarnar af hendi lögum samkvæmt.
- 3.3. Seljandi skal á hverjum tíma uppfylla skilyrði gildandi staðals fyrir gagnaöryggi hjá greiðslukortafyrirtækjum, svokallaðs PCI DSS staðals (Payment Card Industry – Data Security Standard). Félagið eða umboðsaðili þess getur á hverjum tíma kallað eftir staðfestingu frá seljanda um að framkvæmd hafi verið skönnun af til þess hæfum aðila (QSV) og/eða að seljandi hafi framkvæmt árlegt sjálfsmat allt eftir umfangi viðskipta og/eða áhættumati félagsins og alþjóðlegu kortafélaganna.
- 3.4. Seljandi er ábyrgur fyrir öryggi kortaupplýsinga og við alla meðhöndlun og varðveislu upplýsinga skal seljandi gæta þess að geymsla, vinnsla og eyðing gagna uppfylli skilyrði PCI DSS staðals óháð því hvort seljandi annast sjálfur þessa þætti eða þeim er úthýst til þriðja aðila. Seljandi skal fylgja gildandi reglum félagsins sem og leiðbeiningum um öryggisatriði.
- 3.5. Hafi seljandi vitneskju eða grun um að kortanúmer hafi komist í hendur óviðkomandi aðila skal hann tafarlaust tilkynna félaginu um slíkt öryggisrof eða grun um öryggisrof. Seljandi skal gæta þess að allur búnaður sem notaður er við varðveislu og/eða miðlun kortaupplýsinga sé viðurkenndur og uppfylli öryggiskröfur á hverjum tíma. Fari félagið þess á leit skal seljandi veita því, fulltrúum alþjóðlegu kortafélaganna eða vottunar- og úttektaraðilum er félagið tilnefnir, aðgang að búnaði sínum og kerfum.
- 3.6. Sé uppi grunur um öryggisrof hjá seljanda geta alþjóðlegu kortafélögin krafist þess að óháðir sérfræðingar rannsaki kerfi seljanda. Leiði rannsókn í ljós að öryggisrof hafi orðið og að seljandi uppfyllir ekki skilyrði PCI DSS staðals skal seljandi bera kostnað af rannsókn. Kostnaður verður dreginn af næsta uppgjöri seljanda.



- 3.7.** Seljendur sem veita áskriftarþjónustu og þurfa í þeim tilgangi að geyma kortanúmer á meðan viðskiptasamband varir skulu gæta þess að upplýsingar séu geymdar og þeim miðlað með öruggum hætti s.s. með því að nota þjónustuvef eða sýndarnúmeraþjónustu félagsins. Seljanda er óheimilt að vista hjá sér öryggisnúmer korthafa.
- 3.8.** Félaginu er óheimilt að veita seljendum hvers konar upplýsingar um korthafa.
- 3.9.** Seljanda ber skylda til að afhenda félaginu afrit einstakra viðskiptareikninga vegna þeirra viðskipta er standa að baki úttekt korthafa, óski félagið þess.
- 3.10.** Vanræki seljandi að uppfylla skilmála þessa svo varði tjóni fyrir félagið og/eða þriðja aðila getur slík vanræksla valdið bótaskyldu.

## 4. Skylda til móttöku korta

- 4.1.** Seljandi skuldbindur sig til að taka við greiðslum með kortum, sem fullnaðargreiðslu fyrir allar vörur og þjónustu sem seljandi veitir almennum viðskiptamönnum sínum. Seljanda er þó aldrei heimilt að taka við korti sem greiðslu fyrir fjárhættuspil, klám, vændi, eiturlyf, aðra ólöglega vöru eða þjónustu og/eða greiðslu sem er liður í fjármögnun hryðjuverka eða peningabættis.
- 4.2.** Seljanda er óheimilt að nota þjónustusamning til að taka við greiðslum vegna viðskipta korthafa hjá öðrum en honum sjálfum.
- 4.3.** Seljanda er óheimilt að afhenda peninga á móti kortafærslu með kreditkort.
- 4.4.** Seljanda er heimilt að skrá hærri fjárhæðir en sem nemur viðskiptum með debetkorti og gefa korthafa til baka í reiðufé.

## 5. Framvísun korts - skyldur seljanda

- 5.1.** Þegar framvísað er korti sem búið er örgjörva skal örgjörvi lesinn. Einungis er heimilt að lesa segulrönd örgjörvakorts ef örgjörvi reynist ólæsilegur/bilaður. Þegar örgjörvi er lesinn staðfestir korthafi úttekt með innslætti svokallaðs pinns í stað undirskriftar á kvittun. Alþjóðlegu kortafélögin gefa reglulega út viðmið um hámarkshlutfall færslna þar sem segulrönd er lesin á örgjörvakortum. Félagið áskilur sér rétt til að leggja sektir á seljendur þar sem segulrandarlestur mælist yfir skilgreindum mörkum.
- 5.2.** Ef ekki er mögulegt að lesa örgjörva skal seljandi við sérhverja greiðslu með korti þar sem lesin er segulrönd sannreyna öll sérstök einkenni viðkomandi korts sem og gæta hinna almennu öryggisatriða. Seljandi skal ekki afhenda korthafa kortið fyrr en að könnun lokinni.
- 5.3. Sérstök einkenni MasterCard korta**
- Heilmýnd ("hólógrafískt" tákn), sem breytist sé því velt á móti ljósi.
  - 16 tölustafa kortanúmer.
  - Fyrstu 4 stafir kortanúmers eru forprentaðir á kortið.

### Sérstök einkenni JCB korta:

- Heilmýnd ("hólógrafískt" tákn), sem breytist sé því velt á móti ljósi.
- 16 tölustafa kortanúmer sem getur verið hvort heldur sem er áþrykkt eða prentað á framhlið kortsins.
- Fyrstu 4-6 stafir kortanúmers eru forprentaðir á framhlið kortsins.

### Sérstök einkenni Diners Club korta:

- Heilmýnd ("hólógrafískt" tákn), sem breytist sé því velt á móti ljósi.
- 14 tölustafa kortanúmer.

### Sérstök einkenni UnionPay korta:

- Heilmýnd ("hólógrafískt" tákn) á bakhlið, sem breytist sé því velt á móti ljósi.

- 13-19 tölustafa kortanúmer (algengast að á kreditkortum séu 16 stafir en 17-19 á debetkortum). Fyrstu 4 stafir kortanúmers eru forprentaðir á framhlið kortsins.

#### Sérstök einkenni American Express korta:

- Heilmýnd í segulrönd aftan á kortinu („hólógrafískt „tákn), sem breytist sé því velt á móti ljósi.
- 15 tölustafa kortanúmer.

#### Sérstök einkenni Visa korta:

- Heilmýnd ("hólógrafískt" tákn), sem breytist sé því velt á móti ljósi.
- 16 tölustafa kortanúmer.
- Fyrstu 4 stafir kortanúmers eru forprentaðir á kortið.

#### Önnur öryggisatriði er seljanda ber að kanna þegar kort er afhent seljanda:

- Að myndin á kortinu sé af þeim sem framvísar því, ef mynd er til staðar.
- Að rithöndin á kvittun sé sú sama og á bakhlið kortsins.
- Að kortið beri ekki merki um að á því hafi verið gerðar breytingar. Ef kort ber nafn korthafa skal krefjast fullgildra persónuskilríkja ef nokkur vafi leikur á því að sá sem framvísar kortinu sé rétti korthafinn.
- Að gildistími kortsins sé ekki útrunninn.

**5.4.** Úttektir sem gerðar eru án þess að korti sé framvísað eða úttekt staðfest með pinni eru á ábyrgð seljanda þrátt fyrir að heimild hafi verið fengin. Með útgáfu heimildarnúmers í slíkum viðskiptum er einungis verið að staðfesta að kort sé opið og að úttekt rúmist innan heimildar á korti. Seljandi skal við sérhverja greiðslu þar sem korti er ekki framvísað ganga úr skugga um að:

- Á kreditkorti sé réttur fjöldi tölustafa í kortanúmeri sbr. 5.2.
- Sannanlega sé leitað heimildar rafrænt eða hjá þjónustuveri félagsins s: 560 1600.

Sérstakt öryggisnúmer er prentað á undirskriftarlínu á bakhlið MasterCard, Diners Club, Union Pay og Visa korta, þ.e. 3-7 stafa númer og síðustu 3 stafirnir eru sérstakt öryggisnúmer kortsins. Sérstakt 4 stafa öryggisnúmer er prentað á framhlið American Express korta. Í netviðskiptum biður seljandi um þetta öryggisnúmer þegar korthafi gefur upp American Express, Diners Club, Maestro, MasterCard, UnionPay eða Visa kortanúmer. Rétt númer er staðfesting þess að viðskiptamaðurinn sé með kortið í höndunum. Öryggisnúmerið má ekki undir nokkrum kringumstæðum vista né geyma á skriflegu formi. Það fellur í hlut seljanda að færa sönnur fyrir því að korthafi hafi samþykkt færslu sem gerð er án þess að korti sé framvísað.

**5.5.** Vanræksla á einu eða fleiru fyrrgreindra atriða veitir félaginu rétt til að hafna greiðslu úttektar, eða hafi félagið greitt úttekt, að endurkrefja seljanda um fjárhæðina, ef korthafi innir ekki greiðslu af hendi til útgefanda kortsins.

**5.6.** Seljandi skal í einu og öllu fara eftir þeim leiðbeiningum sem koma fram á skjá eða afgreiðsluseðli.

**5.7.** Seljanda er skilyrðislaust skylt að gera kort upptækt og klippa það sundur í neðangreindum tilvikum:

- Komi fram skilaboð á skjá, þegar heimildar er leitað með rafrænum hætti, um að taka kort af korthafa.
- Ef tilmæli berast um að taka kort, þegar heimildar er leitað símleiðis.
- Þegar mynd á korti, undirskrift eða önnur atriði bera með sér, að sá sem framvísar korti er annar en korthafi.

Geti seljandi ekki orðið við skyldu um að taka kort við ofangreindar aðstæður t.d. sökum þess að slíkt gæti ógnað öryggi seljanda skal seljandi tafarlaust hafa samband við félagið og greina frá atviki.

- 5.8. Seljanda ber tafarlaust að tilkynna félaginu um að kort hafi verið tekið af korthafa. Sama á við ef ekki hefur tekist að taka kort af þeim sem framvísar því, hafi tilefni verið til, eða réttmætur grunur um að svo hafi verið. Hafi skilaboð komið á skjá um að taka kort en því ekki verið framfylgt skal samstundis haft samband við félagið og óski það þess skal senda félaginu viðkomandi posaútprentun.
- 5.9. Sá starfsmaður seljanda sem tekur kort af korthafa við ofangreindar aðstæður á rétt til verðlauna úr hendi félagsins.
- 5.10. Uppfylli seljandi ekki skyldur sínar um að taka kort og/eða að tilkynna félaginu um atburð sbr. 5.6 og/eða 5.7 telst hann hafa fyrirgert rétti sínum til að fá greiddar úttektir, sem gerðar eru hjá honum með kortinu, þá og síðar.
- 5.11. Ef heimild er synjað er seljanda óheimilt að reyna aftur að afla heimildar. Leiti seljandi þrátt fyrir þetta aftur heimildar og heimild er veitt getur félagið hafnað að greiða úttektir með kortinu. Greiði félagið úttekt, er það gert með þeim ótvíræða fyrirvara, að heimilt sé að endurkrefja seljanda um fjárhæðina, ef korthafi innir ekki greiðslu af hendi til útgefanda kortsins.
- 5.12. Alþjóðlegu kortafélögin gefa út viðmið um hámarkshlutfall endurkrafna hjá seljendum. Félagið mun birta upplýsingar um viðmiðunarmörk á heimasíðu sinni [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Félagið áskilur sér rétt til að leggja sektir á seljendur eða segja upp samningi fari hlutfall endurkrafna yfir skilgreind mörk.

## 6. Kynning á viðtöku korta

- 6.1. Seljandi skal jafnan og á áberandi hátt hafa til sýnis einkennismerki þeirra korta sem hann tekur við. Merkin eru látin seljanda í té án endurgjalds. Seljanda er heimilt að auglýsa að hann taki við American Express, Diners Club, Discover, Debit MasterCard, JCB, Maestro, MasterCard, UnionPay, Visa og Visa Electron og tilgreina nöfnin American Express, Diners Club, Discover, Debit MasterCard, JCB, Maestro, MasterCard, UnionPay, Visa og Visa Electron í ræðu sem riti.
- 6.2. Heimild þessi felur þó með engum hætti í sér framsal á nokkrum þeim rétti sem félagið og alþjóðlegu kortafélögin eiga til ofangreindra nafna og merkja tengdum þeim svo sem eignarrétti eða höfundarrétti hvort sem þau eru skrásett eða ekki.

## 7. Viðskiptakjör korthafa

- 7.1. Ákveði seljandi að leggja álag á endurgjald fyrir selda vöru eða þjónustu vegna greiðslu með korti, skal koma skýrt fram á fyrstu stigum viðskipta að lagt sé á álag og hvert það sé. Álag skal á hverjum tíma endurspegla kostnað af viðskiptunum.
- 7.2. Sé veittur sérstakur staðgreiðsluafsláttur skulu þeir sem greiða með innlendum Maestro, Debit MasterCard og Visa Electron debetkortum njóta hans.
- 7.3. Seljendur, er gert hafa sértækan samning við félagið þar um, geta boðið erlendum korthöfum úttektir í gjaldmiðli heimalands korthafa. Þjónustan nefnist "Myntval" (DCC). Fyrir slíka þjónustu greiðir korthafi gengisálag. Þiggi korthafi slíkt boð fellur niður álag á erlenda færslu skv. verðskrá. Seljanda er skylt að kynna korthafa kjör þjónustunnar og fá upplýst samþykki fyrir „Myntvali“ áður en gengið er frá greiðslu. Félagið birtir upplýsingar um þjónustuna á [www.borgun.is](http://www.borgun.is).



## 8. Úttektir

- 8.1. Nota skal rafræna kortalesara (posa). Kortalesarar sem notaðir eru til að skrá úttektir korthafa með rafrænum hætti skulu hafa hlotið PA-DSS vottun. Allur kostnaður af rafrænni skráningu er á ábyrgð seljanda.
- 8.2. Seljanda er heimil móttaka snertikorta eða annarra snertilausna með posa eða öðrum búnaði sem gerir seljanda kleift að taka á móti snertigreiðslum. Seljandi skal eftir sem áður framfylgja þeim öryggiskröfum sem félagið setur varðandi afgreiðslutæki, sbr. 3. kafla.
- 8.3. Óheimilt er að verða við beiðni korthafa um handvirka skráningu.
- 8.4. Þegar starfsmaður seljanda notar eigið kort í viðskiptum sínum við seljanda skal seljandi sjá til þess að annar starfsmaður annist skráningu úttektarinnar.
- 8.5. Skilyrðum um formlega viðurkenningu korthafa á úttekt sinni er fullnægt þegar korthafi slær inn pinn í þar til gerðan búnað eða undirritar nafn sitt á kvittun frá afgreiðslutæki.
- 8.6. Allar úttektir sem seljandi gerir, án þess að korthafi staðfesti úttekt með innslætti pinns eða undirriti kvittun, svo sem í símtölum, með tölvusamskiptum eða með því að seljandi afhendir vöru eða þjónustu án þess að krefjast formlegrar staðfestingar sbr. 8.4. eru alfarið á áhættu seljanda. Mótmæli korthafi að hann hafi heimilað slíkar úttektir getur félagið hafnað því að greiða þær. Greiði félagið slíka úttekt, er það gert með þeim ótvíræða fyrirvara, að heimilt sé að endurkrefja seljanda um fjárhæðina, ef korthafi innir ekki greiðslu af hendi til útgefanda kortsins. Hafi slík úttekt verið millifærð á reikning seljanda vegna úttektar með debetkorti getur félagið, eða útgefandi debetkortsins, krafist endurgreiðslu fjárlins, eða dregið hana frá síðara uppgjöri til seljanda.
- 8.7. Seljandi skal kynna sér leiðbeiningar Borgunar um bestu aðferðir við móttöku korta og starfa í samræmi við þær. Félagið hefur birt leiðbeiningarnar á vefsíðu félagsins, [www.borgun.is](http://www.borgun.is).
- 8.8. Sé ekki mögulegt að skrá úttekt með rafrænum hætti vegna sambandsleysis er seljanda heimilt í neyðartilvikum að skrá úttekt í afgreiðslutæki án þess að hringt sé inn fyrir heimild. Úttektir sem gerðar eru með þessum hætti eru alfarið á ábyrgð seljanda. Félagið greiðir slíkar úttektir með þeim fyrirvara að heimilt sé að endurkrefja seljanda um fjárhæðina ef korthafi mótmælir úttekt eða ef ekki reynist kleift að innheimta úttekt af korthafa.
- 8.9. Úttektartímabil korta eru ákvörðuð af útgefendum. Félagið gefur kost á breytilegu úttektartímabili sem seljendur geta boðið korthöfum. Seljendur sem óska eftir að hafa í boði breytileg tímabil geta fyllt út þar til gert eyðublað sem finna má á [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Seljandi þarf að binda sig við breytileg tímabil að lágmarki í eitt ár.
- 8.10. Upplýsingar um úttektir sem skráðar eru með rafrænum hætti skal senda daglega úr afgreiðslutæki, þ.e. posa eða kassakerfi, inn í greiðslumiðlunarkerfi félagsins. Séu upplýsingar um úttekt ekki sendar innan þriggja bankadaga frá því að viðskipti áttu sér stað, getur félagið hafnað að greiða seljanda þá úttekt, fyrr en greiðsla hefur borist frá korthafa, eða næg innstæða verði á kortareikningi hans, hafi verið greitt með debetkorti.
- 8.11. Láti seljandi hjá líða að skila færsluupplýsingum til félagsins innan tilskilins frests ber honum að greiða álag á þóknun og/eða þóknun vegna aukins kostnaðar félagsins af innheimtu úttektarinnar.
- 8.12. Félaginu er heimilt að neita að taka við upplýsingum um færslur sem eru eldri en tólf mánaða.
- 8.13. Kvittanir sem staðfestar eru af korthafa með undirritun skal seljandi geyma í sjö ár frá skráningu úttektar. Félagið skal hvenær sem er á því tímabili eiga rétt til að seljandi framvísi frumriti kvittunar vegna úttekta. Framvísi seljandi ekki kvittun staðfestum af korthafa innan 10 virkra daga frá því krafa er gerð, er félaginu heimilt að endurkrefja seljanda um fjárhæðina eða hafna greiðslu hennar. Kvittanir vegna úttekta sem staðfestar eru með innslætti pinns þarf seljandi ekki að varðveita í frumriti. Borgun vill þó benda á að mistakist innsending úr kerfum gæti verið nauðsynlegt að handskrá færslur samkvæmt þeim

upplýsingum sem fram koma á posakvittun. Það er á ábyrgð seljanda hverju sinni að gögn vegna handskráningar séu tiltæk.

## 9. Ábyrgð á úttektum

- 9.1.** Til að tryggja frekara öryggi í kortaviðskiptum hafa MasterCard Worldwide og Visa Europe gert það að skilyrði að afgreiðslutæki geti lesið örgjörva. Móttaki seljandi kort sem búið er örgjörva, og örgjörvi er ekki lesinn og úttekt ekki staðfest með innslætti pinns getur félagið hafnað að greiða slíka úttekt ef korthafi mótmælir að hann hafi heimilað hana. Greiði félagið slíka úttekt, er það gert með þeim ótvíræða fyrirvara, að heimilt sé að endurkrefja seljanda um fjárhæðina komi síðar fram réttmæt beiðni korthafa um bakfærslu.
- 9.2.** Þegar greitt er með korti sem ekki er búið örgjörva ábyrgist félagið greiðslu úttekta með gildum kortum enda hafi korthafi sjálfur framvísað kortinu og undirritað eigin hendi kvittun, og seljandi hafi skráð viðskiptin eins og vera ber, gætt varúðarskyldu sinnar og efnt skyldur sínar í samræmi við samning aðila og skilmála þessa. Úttektir sem gerðar eru án þess að korti sé framvísað og/eða úttekt staðfest með innslætti pinns eða undirritun kvittunar eru á ábyrgð seljanda. Félagið greiðir slíkar úttektir með þeim fyrirvara að heimilt sé að endurkrefja seljanda um fjárhæðina ef korthafi mótmælir úttekt.
- 9.3.** Félagið getur endurkrafið seljanda um úttekt ef sýnt er að ekki var farið að skilmálum.
- 9.4.** Seljandi er ábyrgur gagnvart félaginu hafi hann eða starfsfólk hans sýnt verulegt gáleysi eða vísvitandi tekið þátt í rangri notkun korts eða búnaðar.

## 10. Skráning úttekta

- 10.1.** Allar úttektir með debetkortum skulu skráðar með rafrænum hætti. Afgreiðslutæki skal tengt kerfum félagsins eftir leiðum sem samþykktar eru af félaginu.
- 10.2.** Allar úttektir með kreditkortum skulu skráðar með rafrænum hætti. Afgreiðslutæki skal tengt kerfum félagsins eftir leiðum sem samþykktar eru af félaginu.
- 10.3.** Gerist seljandi brotlegur við skilmála þessa, þjónustusamning, birt fyrirmæli eða sér skilmála félagsins með þeim afleiðingum að alþjóðlegu kortafélögin leggja á sektir vegna brotanna, er félaginu heimilt að draga fjárhæð sektar frá uppgjöri við seljanda.
- 10.4.** Félagið og/eða samstarfssaðilar láta seljanda í té afgreiðslutæki til notkunar við skráningu úttekta með kortum, gegn greiðslu kaup- eða leigugjalds.
- 10.5.** Félaginu er heimilt að hafna móttöku færslna uppfylli afgreiðslutæki seljanda ekki öryggiskröfur félagsins.
- 10.6.** Félaginu er heimilt að fela öðrum að annast móttöku rafrænt skráðra upplýsinga um viðskipti með kortum, sem og aðra fyrirfram skilgreinda þætti samskipta við seljanda. Félagið ber eftir sem áður fulla ábyrgð á efndum samninga sinna gagnvart seljendum.

## 11. Úttektarmörk

- 11.1.** Rafræn afgreiðslutæki tengd innhringibúnaði skulu leita heimildar vegna allra úttekta. Færslur sem sendar eru inn án þess að heimildar hafi verið leitað eru alfarið á ábyrgð seljanda. Ef korthafi innir ekki greiðslur af hendi til útgefanda kortsins áskilur félagið sér rétt til þess að endurkrefja seljanda um slíkar færslur.
- 11.2.** Seljandi samþykkir að virða úttektarmörk og aldrei má framkvæma nema eina rafræna færslu fyrir hver einstök viðskipti. Brot á framangreindu heimilar félaginu að hafna greiðslu allra úttekta með viðkomandi korti hjá seljanda. Greiði félagið slíka úttekt, er það gert með þeim ótvíræða fyrirvara, að heimilt sé að endurkrefja seljanda um fjárhæðina, ef korthafi innir ekki greiðslu af hendi til útgefanda kortsins.

## 12. Endurgreiðslur

- 12.1. Seljanda er ekki heimilt að endurgreiða þeim sem greitt hefur með kreditkorti í reiðufé þegar hann skilar vörum, þiggur ekki þjónustu, eða viðskipti ganga með öðrum hætti til baka. Þegar um slíkt er að ræða skal endurgreiðslan fara fram með rafrænni bakfærslu á fyrri færslu eða rafrænni endurgreiðslu inn á kortareikning. Óheimilt er með öllu að greiða rafrænt inn á kortareikning nema verið sé að endurgreiða fyrri úttekt að hluta eða að fullu.
- 12.2. Seljanda er skylt að endurgreiða þeim sem greitt hefur með Debit MasterCard, Maestro eða Visa Electron debetkorti í reiðufé, þegar hann skilar vörum, þiggur ekki þjónustu, eða viðskipti ganga með öðrum hætti til baka, enda eigi korthafi rétt til að rifta samningi samkvæmt almennum reglum.

## 13. Uppgjörstímabil vegna kreditkorta

- 13.1. Almennt uppgjörstímabil kreditkorta hefst á 18. degi hvers mánaðar og lýkur á 17. degi næsta mánaðar þar á eftir. Svo fremi að þessir skilmálar hafi verið haldnir og eigi hafi verið um annað samið skal félagið inna af hendi greiðslu til seljanda eigi síðar en 2. dag næsta mánaðar eftir lok úttektartímabils.
- 13.2. Beri greiðsludag upp á helgidag eða almennan frídag færist greiðsludagur á næsta virka dag á eftir.
- 13.3. Seljendur er uppfylla ákveðin skilyrði geta óskað eftir að gera við félagið samning um tíðari uppgjör en mánaðarleg. Reiknast þá álag á þóknun seljanda. Umsóknareyðublað um tíðari uppgjör má finna á [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Félaginu er heimilt að hafna umsókn um tíðara uppgjör án þess að tilgreina ástæðu. Félaginu er á hverjum tíma heimilt að rifta samningi um tíðari uppgjör telji félagið að seljandi uppfylli ekki lengur skilyrði um tíðari uppgjör s.s. vegna versnandi fjárhags, aukinna endurkrafna eða annarra atriða.

## 14. Uppgjör vegna debetkorta

- 14.1. Uppgjör vegna úttekta með íslenskum debetkortum er seljanda til ráðstöfunar næsta virka dag eftir að úttekt er gerð, enda hafi færslurnar borist til félagsins fyrir kl. 21.30.
- 14.2. Uppgjör viðskipta vegna erlendra debetkorta er með sama hætti og uppgjör kreditkorta, sbr. 13.1.
- 14.3. Félaginu og útgefendum debetkorta fyrir þess hönd, er heimilt að skuldfæra bankareikning seljanda sem skráður er á þjónustusamning hans fyrir endurgreiðslum, þóknun og kostnaði, eftir uppgjöri, mánaðarlega eða oftár eða skuldajafna á móti andvirði viðskipta með debetkortum.

## 15. Afgreiðslutæki

- 15.1. Félagið leigir þeim seljendum er þess óska búnað til móttöku korta, svokölluð afgreiðslutæki. Leigutími telst vera frá þeim degi er seljandi óskar eftir að fá tækið afhent til umráða til og með þess dags er það er afhent félaginu. Seljandi greiðir félaginu leigu á leigutíma. Það er á ábyrgð seljanda sem tekið hefur tæki á leigu að afhenda félaginu afgreiðslutæki við lok leigutíma. Við eigendaskipti rekstrar, þ.e. þegar nýr aðili eða löggjafi tekur við rekstri, ber fyrri eiganda að skila félaginu afgreiðslutækjum.
- 15.2. Fjárhæð leigu fer samkvæmt verðskrá félagsins hverju sinni. Leigufjárhæð greiðist mánaðarlega eftir á. Félaginu er heimilt að innkalla afgreiðslutæki vegna vangoldinnar leigu. Vegna vanskila á leigugreiðslum leggst álag samkvæmt verðskrá félagsins.
- 15.3. Öll notkun og meðferð tækis á leigutíma er á ábyrgð seljanda sem tryggja skal að notkun og meðhöndlun sé í samræmi við leiðbeiningar um tækið. Afgreiðslutæki skal skila í því ástandi sem það var afhent. Tjón sem verður á afgreiðslutæki á leigutíma er á ábyrgð seljanda og félaginu er heimilt að krefja leigutaka um greiðslu á andvirði afgreiðslutækis sé það ónýtt.

- 15.4. Komi upp bilun í afgreiðslutæki á leigutíma ber seljanda að tilkynna það félaginu sem annast nauðsynlegar viðgerðir. Félagið ber kostnað af viðgerðum vegna bilana sem ekki verða raktar til ásetnings, vanrækslu eða gáleysis seljanda. Seljandi ber ávallt kostnað af viðgerðum sem raktar verða til gáleysis seljanda ásamt kostnað af þrifum á afgreiðslutæki ef nauðsyn krefur.
- 15.5. Félaginu er heimilt að krefja seljanda um tryggingu vegna leigunnar.
- 15.6. Seljanda einum er heimil notkun afgreiðslutækis. Seljanda er óheimilt að framleigja, lána eða veita öðrum afnot af afgreiðslutæki.
- 15.7. Sé afgreiðslutæki ekki skilað til félagsins er félaginu heimilt að krefja seljanda um greiðslu á andvirði afgreiðslutækis ásamt áföllnum kostnaði.
- 15.8. Félaginu er heimilt að skuldajafna vangoldna leigu, bætur vegna tjóns eða taps á afgreiðslutæki frá uppgjöri til seljanda.

## 16. Netfærslur

- 16.1. Seljanda er óheimilt að taka við greiðslum í gegnum netið án þess að gera fyrst þjónustusamning við félagið um greiðslusíðu, greiðslugátt eða greiðslutengla. Seljanda er heimilt að gera samning við annan þjónustuaðila en félagið um greiðslugátt sem tengist greiðslumiðlunarkerfi Borgunar og gilda þá jafnframt viðskiptaskilmálar þessir. Þegar samningur hefur verið gerður þarf að tengja greiðslusíðu og greiðslugátt og óska eftir úttekt hjá félaginu. Seljandi getur hafið notkun á greiðslulausninni þegar úttekt hefur verið lokið. Seljandi móttekur netgreiðslur á eigin ábyrgð.
- 16.2. Seljendur eiga kost á því að auka öryggi sitt með notkun á öryggisbúnaði alþjóðlegu kortafélaganna, svo sem „MasterCard SecureCode“ og „Verified by Visa“. Slík ráðstöfun eykur öryggi seljanda til muna þar sem almenn ábyrgð á misnotkun færist yfir á útgefanda kortsins. Þeir seljendur sem ekki nýta sér öryggisbúnaðinn bera ábyrgð á færslum sem reynast sviksamlegar og tjóni vegna þeirra. Tryggt skal að samskipti séu varin með viðurkenndum dulritunaraðferðum. Seljendur sem notast við öryggisbúnaðinn skulu ganga úr skugga um að viðkomandi færslur séu rétt merktar.
- 16.3. Seljandi skal gæta þess að greiðslur sem gerðar eru yfir netið séu merktar sem netgreiðslur. Óheimilt er að taka við kortaupplýsingum yfir netið ef skrá á úttekt með öðrum hætti, s.s. með því að slá inn kortanúmer í afgreiðslutæki.
- 16.4. Á vefsíðu seljanda skal eftirfarandi koma fram:
  - Kennitala og VSK númer seljanda.
  - Upplýsingar um þjónustu við viðskiptavinum, svo sem upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer þar sem hægt er að ná sambandi við seljanda.
  - Lýsing á vöru eða þjónustu.
  - Viðskiptaskilmálar seljanda þar sem m.a. koma fram reglur um afhendingu á vöru/þjónustu, hvernig vöruskil og endurgreiðslur fara fram, ábyrgð á vöru/þjónustu og ef við á hvernig áskrift við seljanda er sagt upp.
- 16.5. Seljendur sem notast við bókunarkerfi í starfsemi sinni skulu birta á vefsíðu sinni skilmála varðandi afbókanir og endurgreiðslur. Skilmálarnir skulu birtast í heild sinni í bókunarferlinu þar sem viðskiptavinur hakar við og samþykkir skilmála. Seljendur með greiðslugátt skulu upplýsa korthafa með skýrum hætti að með því að ýta á „greiða núna“ fari greiðsla í gegn og jafnframt skal vera augljóst hvernig korthafi getur hætt við greiðslu.
- 16.6. Félaginu er heimilt að rifta þjónustusamning um greiðslusíðu, greiðslugátt eða greiðslutengla fyrirvaralaust ef um óeðlilega hátt hlutfall endurkrafna er að ræða eða ef seljandi uppfyllir ekki lengur öryggiskröfur félagsins eða alþjóðlegu kortafélaganna.
- 16.7. Uppsagnarfrestur vegna greiðslusíðu, greiðslugáttar eða greiðslutengla er 1 mánuður.

## 17. Þóknun og uppgjör milli félagsins og seljanda

- 17.1. Félagið mun draga frá heildarfjárhæð hvers uppgjörstímabils áfallinn kostnað, leiðréttingar vegna fyrri uppgjóra, gjöld samkvæmt verðskrá, vexti og ábyrgðar- og þjónustugjald vegna kreditkortaviðskipta og viðskipta með erlend debetkort. Þóknun og kostnaður vegna innlendra debetkortaviðskipta skuldfærist á reikning seljanda.
- 17.2. Einnig er félaginu heimilt að skuldfæra bankareikning seljanda vegna þessara liða.
- 17.3. Óski seljandi eftir því að breyta ráðstöfunarreikning þeim sem uppgjör er lagt inn á skal seljandi fylla út þar til gert eyðublað á [www.borgun.is](http://www.borgun.is) og skila undirrituðu til félagsins. Slík beiðni skal berast með 10 daga fyrirvara.
- 17.4. Í þjónustusamningi er kveðið á um hvert hlutfallslegt ábyrgðar- og þjónustugjald seljanda er á þeim tíma sem samningurinn er gerður. Ábyrgðar- og þjónustugjald er breytilegt eftir tegundum korta, útgefendum og vörumerkjum. Félaginu er heimilt að endurskoða kjör seljanda í samræmi við magn og eðli viðskipta.
- 17.5. Seljandi greiðir auk umsamins ábyrgðar- og þjónustugjalds, gjöld samkvæmt verðskrá félagsins hverju sinni. Breytingar á verðskrá skulu tilkynntar á heimasíðu félagsins a.m.k. einni viku áður en þær taka gildi. Verðskrá má á hverjum tíma nálgast á heimasíðu félagsins [www.borgun.is](http://www.borgun.is) og í afgreiðslu Borgunar Ármúla 30, 108 Reykjavík.
- 17.6. Seljandi skal greiða dráttarvexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga nr. 38/2001 vegna vanskila á greiðslu gjalda eða kostnaðar samkvæmt þjónustusamningi, sérsamningum eða skilmálum þessum.
- 17.7. Verði brot seljanda á skilmálum þessum til þess að alþjóðlegu kortafélögin leggi á sektir eða krefjist ráðstafana sem hafa í för með sér fjárútlát s.s. úttekt sérfræðinga á kerfum seljanda, er félaginu heimilt að draga fjárhæð slíkra sekta eða fjárútláta frá næsta uppgjöri við seljanda.
- 17.8. Seljandi getur óskað eftir því að fá uppgjör greitt fyrir uppgjörsdag. Félagið leggur álag á fyrirframgreidd uppgjör og áskilur sér rétt til þess að hafna beiðni um fyrirframgreiðslu.
- 17.9. Félaginu er ætíð heimilt að draga sérhverja réttmæta kröfu sína á seljanda frá uppgjöri sínu til hans, hvort sem krafan er vegna uppgjors eða bakfærslna eða á rót sína að rekja til annarra viðskipta aðilanna. Fjárnám kröfuhafa seljanda í inneign hans hjá félaginu, gjaldþrotaskipti á búi seljanda, eða framsal seljanda á kröfum sínum á félagið, takmarkar þennan rétt með engu móti, nema félagið hafi sérstaklega fallið frá skuldajafnaðarheimild sinni, eða samþykkt framsalið til aðila sem félagið hefur sérstaklega samþykkt sem framsals- eða veðhafa.
- 17.10. Félaginu er heimilt að halda eftir uppgjöri seljanda eða eftir atvikum hluta af uppgjöri hans, sé tilefni til að kanna réttmæti færslu eða færslna í uppgjöri seljanda. Jafnframt er félaginu heimilt að halda eftir uppgjöri vegna endurkröfuáhættu hjá seljanda.
- 17.11. Hafi félagið ástæðu til að ætla að seljandi geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar í nánustu framtíð eða hafi hann verið lýstur gjaldþrota er félaginu heimilt að halda eftir uppgjörsgreiðslum til tryggingar væntanlegum endurkröfum á hendur seljanda. Við beitingu þessa ákvæðis mun félagið gæta þess að halda ekki eftir meira fé en því sem nauðsynlegt er til slíkrar tryggingar sem og að fé verði ekki haldið í lengri tíma en nauðsyn krefur.

## 18. Framsal réttar seljanda - ágreiningur seljanda og korthafa

- 18.1. Seljanda er óheimilt að framselja rétt sem viðskipti við korthafa skapa honum, nema til aðila sem uppfylla almenn skilyrði félagsins til framsalshafa, enda hafi viðkomandi aðili samning við félagið um ráðstöfun greiðslna til sín.
- 18.2. Almenn skilyrði félagsins eru að framsalshafi sé lögpersóna sem starfar á sviði fjármálaumsýslu, hafi til þess tilskilin opinber leyfi og sé háður opinberu eftirliti.



- 18.3.** Þrátt fyrir framsal seljanda skulu öll réttindi korthafa vegna viðskiptanna haldast, svo sem vegna galla og afhendingardráttar.
- 18.4.** Framsal seljanda til annarra en þeirra sem uppfylla almenn skilyrði félagsins til framsals eru með öllu óskuldbindandi gagnvart félaginu og skerða m.a. ekki rétt félagsins til skuldajöfnunar.
- 18.5.** Félagið mun ekki, hvernig sem á stendur, taka að sér milligöngu, eða takast á hendur ábyrgð, vegna nokkurs konar ágreinings á milli seljanda og korthafa, vegna vöru eða þjónustu sem greidd hefur verið með korti.
- 18.6.** Félagið áskilur sér rétt til að draga frá uppgjöri til seljanda fjárhæð, sem ágreiningur er um, ef úttekt er ekki greidd til félagsins, eða henni hefur verið mótmælt af korthafa.

## 19. Gildistími og lok samnings

- 19.1.** Skilmálar þessir skulu gilda frá og með þeim tíma sem þjónustusamningur tekur gildi, og þar til hann er úr gildi fallinn. Á þeim tíma er seljanda skylt að taka á móti greiðslum með kortum í samræmi við skilmála þessa. Taki seljandi sem ekki hefur undirritað þjónustusamning, við debet- eða kreditkortum sem greiðslu fyrir vöru eða þjónustu telst hann hafa samþykkt skilmála þessa.
- 19.2.** Þjónustusamningurinn er ótímabundinn, en uppsegjanlegur að fullu eða að hluta til af beggja hálfu, með tveggja mánaða fyrirvara, miðað við mánaðamót, sbr. þó ákvæði 16.7. Félaginu er ávallt heimilt að segja upp og loka aðgangi að lánavef, sbr. kafla 4 í sérstökum skilmálum sem og tíðari uppgjörum sbr. gr. 13.3 án fyrirvara. Segi seljandi upp samningi er gert ráð fyrir að uppsögn eigi við um móttöku allra tegunda korta og aðra þjónustu nema annað sé sérstaklega tekið fram í uppsögn. Telji American Express, Diners Club, Discover, JCB, MasterCard International, Maestro International, UnionPay, eða Visa Europe það ekki í þeirra þágu að viðhalda samningi þessum, er hægt að segja upp þeim hluta samnings er fjallar um móttöku viðkomandi vörumerkis, án fyrirvara.
- 19.3.** Allar samningsskyldur aðila haldast á uppsagnarfrestinum.
- 19.4.** Forsvarsmanni seljanda er einum heimilt að segja upp þjónustusamningi og skal hann undirrita uppsögn á þar til gerðu eyðublaði.
- 19.5.** Seljanda er með öllu óheimilt að framselja þjónustusamning. Þjónustusamningur fellur úr gildi ef rekstri seljanda er hætt. Seljanda ber að tilkynna félaginu ef rekstri hefur verið hætt og ber ábyrgð á því að öllum búnaði sem félagið á sé skilað. Að öðrum kosti á seljandi á hættu að innheimt verði af honum andvirði búnaðar.
- 19.6.** Nýr rekstraraðili sbr. gr. 19.5 þarf að gera nýjan samning við félagið til að öðlast rétt til að taka við greiðslum með American Express, Diners Club, Discover, JCB, MasterCard, UnionPay eða Visa kreditkortum og Debit MasterCard, Maestro og Visa Electron debetkortum. Hafi nýr forsvarsaður eða nýir eigendur áður vanefnt þjónustusamning við félagið, þannig að varði riftun, er félaginu heimilt að hafna viðskiptum við nýjan aðila.
- 19.7.** Seljandi skal tilkynna félaginu um breytingu á forsvarsmanni og einnig ef breyting verður á eignarhaldi á verulegum hluta seljanda.
- 19.8.** Seljanda er óheimilt að taka við greiðslum vegna annarra viðskipta en tilkynnt hafa verið félaginu að seljandi stundi. Seljandi skal tilkynna félaginu um hvers konar breytingar á eðli starfsemi sinnar, frá því sem greint er í umsókn.
- 19.9.** Breytingar á eðli starfsemi eða eignarhaldi seljanda veita félaginu rétt til fyrirvaralausra breytinga á samningsskilmálum og verulegar breytingar heimila félaginu fyrirvaralaus riftun þjónustusamnings.
- 19.10.** Félaginu er heimilt að rifta þjónustusamningi fyrirvaralaust ef öryggisatriðum samkvæmt skilmálum þessum er ábótavant. Ófullnægjandi öryggi getur leitt til synjunar um viðskipti.
- 19.11.** Vanefni annar hvor aðilinn skyldur sínar er hinum heimilt að segja upp þjónustusamningnum, að undangenginni áskorun um úrbætur, með 7 daga fresti til úrbóta. Sé um verulega vanefnd að ræða getur gagnaðili rift samningnum án fyrirvara.

- 19.12. Misnoti seljandi aðstöðu sína gagnvart korthafa, svo sem með svikum, misneytingu eða óheimilum úttektum, er félaginu heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust, án undangenginnar áskorunar um úrbætur.
- 19.13. Félaginu er heimilt að loka þjónustusamningi og viðbótarþjónustum sem ætla má að seljandi sé hættur að nota.
- 19.14. Telji félagið að hagsmunum þess sé betur borgið utan viðskipta við seljanda vegna sérstakra aðstæðna eða atvika hjá seljanda er félaginu heimil fyrirvaralaus riftun. Jafnframt er félaginu heimil fyrirvaralaus riftun á grundvelli áhættumats.

## 20. Breytingar á skilmálum

- 20.1. Félagið áskilur sér rétt til breytinga á skilmálum þessum og skal breyting tilkynnt seljanda með sannanlegum hætti, svo sem með kynningarefni sem fylgir mánaðarlegu uppgjörsyfirliti til hans, áður en breytt ákvæði skilmálanna taka gildi.
- 20.2. Hafi ekki komið fram skrifleg mótmæli af hálfu seljanda innan tveggja vikna frá dagsetningu tilkynningar tekur breytingin gildi. Komi fram mótmæli skal reynt að ná sáttum með aðilum en takist það ekki telst þjónustusamningurinn þar með fallinn úr gildi.

## 21. Tjón af völdum utanaðkomandi aðstæðna

- 21.1. Félagið undanskilur sig ábyrgð á hvers konar tjóni seljanda sem rekja má til rafmagnsleysis, rafmagnstruflana, truflana eða bilana í símkerfum, öðrum boðleiðum eða samgöngum, truflana eða bilana í tölvukerfum, lagaboða, stjórnvaldsaðgerða, styrjalda, hryðjuverka, verkfalla, verkanna, náttúruhamfara eða annarra álíka atvika.
- 21.2. Félagið verður ekki gert ábyrgt vegna óbeins tjóns seljanda, svo sem rekstrartaps.

## 22. Varnarþing

- 22.1. Um skilmála þessa gilda íslensk lög. Ágreiningsmál vegna þeirra má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Seljanda er þó ætíð heimilt að óska eftir úrlausn ágreinings við félagið vegna framkvæmdar viðskiptaskilmála þessara fyrir úrskurðarnefnd fjármálafyrirtækja.

# Sérstakir viðskiptaskilmálar

## 1. Boðgreiðslur

- 1.1.** Seljandi getur óskað eftir því að bjóða korthöfum upp á boðgreiðslur. Hafi félagið samþykkt slíka umsókn er seljanda heimilt að bjóða þjónustuna frá undirritun þjónustusamnings.
- 1.2.** Seljanda er skylt að fá heimild korthafa til að færa boðgreiðslur á kreditkort hans. Sé skriflegt samþykki korthafa ekki fyrir hendi ber seljandi ábyrgð á öllum boðgreiðslum sem stofnað var til.
- 1.3.** Seljendur geta ýmist skráð greiðslur í einföldu viðmóti á þjónustuvef félagsins þar sem skrárnar sendast sjálfkrafa inn og kortaupplýsingarnar eru varðveittar í kerfum félagsins eða seljandi vinnur gögnin í eigin viðskiptakerfi og skrárnar þaðan sendar til félagsins í gegnum þjónustuvef. Seljandi skal ávallt gæta fyllsta öryggis við vinnslu og geymslu á kortaupplýsingum í samræmi við 3. kafla þessara skilmála.
- 1.4.** Boðgreiðslur skal senda til félagsins í síðasta lagi 15. dag hvers mánaðar. Seljandi ábyrgist að allar sendar upplýsingar séu réttar og að varan eða þjónustan hafi verið afhent eða innt af hendi.
- 1.5.** Seljandi fær sendan lista til leiðréttingar fáist ekki heimild á kort eða korti hefur verið lokað. Upplýsingar um ný kortanúmer koma fram á athugasemdalista og skal seljandi setja inn nýtt kortanúmer fyrir næstu sendingu til félagsins.
- 1.6.** Seljanda er skylt að verða við beiðni félagsins um að stöðva sendingu boðgreiðslna á tiltekin kort enda hafi félaginu borist tvær eða fleiri endurkröfur vegna sömu boðgreiðslunnar. Geti seljandi ekki sýnt fram á gildandi samning við korthafa um boðgreiðslur og/eða korthafi hefur réttilega sagt boðgreiðslum upp er félaginu heimilt að fella þær niður fyrir hönd seljanda.
- 1.7.** Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar félagsins.

## 2. Framlag

- 2.1.** Seljandi getur óskað eftir því að bjóða korthöfum upp á framlag. Hafi félagið samþykkt slíka umsókn er seljanda heimilt að bjóða þjónustuna frá undirritun þjónustusamnings. Framlag skal skrá í gegnum þjónustuvef.
- 2.2.** Félaginu er heimilt að breyta eða fella niður framlag enda hafi borist beiðni þar um frá korthafa. Breytingin tekur gildi frá og með næstu greiðslu frá því að tilkynning barst til félagsins.
- 2.3.** Framlagi skal skilað til félagsins í síðasta lagi 15. hvers mánaðar.
- 2.4.** Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar.

## 3. Léttgreiðslur

- 3.1.** Seljandi getur óskað eftir því að bjóða korthöfum upp á dreifingu greiðslna fyrir vöru eða þjónustu á fleiri en eitt úttektartímabil. Hafi félagið samþykkt slíka umsókn er seljanda heimilt að bjóða þjónustuna frá undirritun þjónustusamnings.
- 3.2.** Seljandi skal ýmist fylla út þar til gert eyðublað um léttgreiðslusamning sem korthafi undirritar eða skrá léttgreiðslu rafrænt í gegnum þjónustuvef. Seljandi sem fyllir út eyðublað um léttgreiðslusamning þarf að skila samningnum inn til félagsins.
- 3.3.** Ekki er mögulegt að gera léttgreiðslusamning við handhafa erlendra greiðslukorta.
- 3.4.** Léttgreiðslur skulu vera með jöfnum mánaðarlegum, vaxtalausum afborgunum í allt að sex mánuði. Félagið ábyrgist fyrstu greiðslu, að því tilskyldu að heimild hafi fengist fyrir henni og korthafi hafi undirritað eyðublað um léttgreiðslu. Félagið sér um að skuldfæra korthafa og leggja inn á reikning seljanda.
- 3.5.** Skrái seljandi léttgreiðslu ekki rafrænt skal leita heimildar fyrir fyrstu greiðslu „aðeins heimild“ í gegnum afgreiðslutæki. Þegar leitað er eftir heimild fer færsla ekki í gegn heldur er einungis verið að kanna hvort kortið sé í lagi. Sé afgreiðslutæki ekki til staðar skal leita til þjónustuvers félagsins í síma 560 1600.
- 3.6.** Léttgreiðslum skal skilað inn í síðasta lagi 15. hvers mánaðar.

- 3.7. Seljandi greiðir skráningargjald samkvæmt verðskrá félagsins.
- 3.8. Korthafi greiðir færslugjald samkvæmt verðskrá félagsins.
- 3.9. Seljendur sem skrá léttgreiðslur með eyðublaði fá tilkynningu ef ekki reynist kleift að skuldfæra tiltekið kort. Í slíkum tilfellum verður seljandi að innheimta sjálfur það sem eftir stendur af kröfunni. Til þess að seljandi geti innheimt eftirstöðvar kröfunnar þarf hann að halda frumriti léttgreiðslusamningsins. Seljendur sem skrá léttgreiðslu rafrænt verða að fylgjast með stöðu innheimtu á þjónustuvefnum.
- 3.10. Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar.

## 4. Lánavefur

- 4.1. Seljandi í viðskiptum við félagið getur óskað eftir því að bjóða korthöfum upp á neytendalán. Hafi félagið samþykkt slíka umsókn er seljanda heimilt að bjóða þjónustuna í gegnum lánavef félagsins. Neytendalán getur ýmist borið vexti eða verið vaxtalaus. Þjóði seljandi upp á vaxtalaus lán ber hann ábyrgð á greiðslu vaxta til félagsins. Seljandi sem aðgengi hefur að lánavef skuldbindur sig til að fara í einu og öllu að skilmálum þessum um vefinn. Félagið lætur seljanda í té notandanafn og aðgangsorð (leyniorð) að lánavef félagsins. Notkun aðgangshemilda er alfarið á ábyrgð seljanda.
- 4.2. Félagið áskilur sér rétt til þess að kanna fjárhagslega stöðu seljanda áður en seljandi fær aðgang að lánavef. Slík könnun getur meðal annars falist í athugun á ársreikningi hlutaðeigandi, árshlutauppgjöri og upplýsingum frá Creditinfo hf., s.s. áhættumat, upplýsingar úr vanskilaskrá og öðrum gagnagrunnum sem félagið rekur. Leitað er heimildar með rafrænum hætti vegna hvernar afborgunar af lánum sem gerð eru í gegnum lánavef. Lántaki skal undirrita lánssamning vegna viðskiptanna og skal fylgja greiðsluáætlun sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Seljandi getur útbúið skjöl þessi á lánavef eftir að fengin hefur verið heimild fyrir láni og lánanúmeri hefur verið úthlutað rafrænt.
- 4.3. Frumrit, undirritað af lántakanda skal seljandi varðveita í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs (í samræmi við 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald). Framvísi seljandi ekki undirrituðum lánssamningi innan viku frá því krafa um slíkt er gerð, er félaginu heimilt að endurkrefja seljanda um fjárhæð lánssamnings. Félaginu er jafnframt heimilt að endurkrefja seljanda um fjárhæð láns ef í ljós kemur að um falsaða undirritun á lánssamningi er að ræða, vara eða þjónusta er ekki afhent eða ef seljandi eða starfsmaður hans hafa ekki fylgt skilmálum þessum. Kjósi seljandi að veita viðskiptavinum sínum lán með rafrænum hætti, án undirskriftar lántakanda ber seljandi ábyrgð á þeim lánssamningum sem ágreiningur rís um.
- 4.4. Ekki er hægt að stofna neytendalán á fyrirframgreidd kreditkort eða fyrirtækjakort. Óheimilt er að veita handhöfum erlendra greiðslukorta neytendalán.
- 4.5. Seljanda er óheimilt að stofna neytendalán vegna annarrar tegundar viðskipta en tilgreind er í þjónustusamning hans við félagið.
- 4.6. Félagið mun greiða seljanda andvirði lánssamnings eigi síðar en á þriðja virka degi frá því að samningur er gerður og er þá andvirði hins selda lagt inn á uppgjörreikning seljanda. Viðskiptayfirlit vegna keyptrá lánssamninga er sent til seljanda.
- 4.7. Seljandi getur ógilt lán inn á lánavefnum þar til lánssamningurinn hefur verið keyptur af félaginu. Reynist hins vegar nauðsynlegt að fella niður lán eftir að samningur hefur verið keyptur skal hafa samráð við félagið.
- 4.8. Undir engum kringumstæðum má seljandi endurgreiða lán beint til korthafa heldur skal lán endurgreitt til félagsins sem sér um að gera upp við korthafa.
- 4.9. Félagið sér ekki um milligöngu né tekur ábyrgð vegna ágreinings sem kann að rísa á milli seljanda og korthafa vegna gæða vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með neytendaláni. Korthafi skal snúa sér beint til seljanda vegna slíkra mála. Sé ágreiningur um lögmæti láns ber seljandi, en ekki félagið, ábyrgð á því tjóni sem hlýst vegna þess.
- 4.10. Félaginu er heimilt að loka fyrir lánavef ef annað hvort seljandi eða félagið hefur sagt upp/rift þjónustusamningi milli aðilanna.

**4.11.** Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar.

## 5. Þjónustuvefur

- 5.1.** Seljandi getur nálgast upplýsingar um þjónustusamning sinn á þjónustuvef félagsins. Seljandi sem aðgengi hefur að þjónustuvef skuldbindur sig til að fara í einu og öllu að skilmálum þessum um vefinn.
- 5.2.** Félagið lætur seljanda í té notandanafn og aðgangsorð (leyniorð) að þjónustuvef félagsins. Seljandi getur notað aðgang sinn til að stofna aðgang fyrir þá starfsmenn er hann óskar eftir að fái aðgengi að vef. Aðgangur sem stofnaður er af seljanda er alfarið á hans ábyrgð.
- 5.3.** Seljandi ber fulla ábyrgð á meðferð og notkun allra notandanafna og aðgangsorða sem honum hafa verið úthlutað. Seljandi ber fulla ábyrgð á öllum aðgerðum þeirra starfsmanna sinna er hlotið hafa aðgang. Seljanda ber að tilkynna félaginu þegar í stað ef starfsmaður hans er hefur aðgang að þjónustuvef hættir störfum hjá seljanda. Sama gildir ef seljandi ákveður að hætta að heimila starfsmanni aðgang.
- 5.4.** Til að koma í veg fyrir misnotkun skal seljandi tryggja að enginn óviðkomandi komist í upplýsingar um notandanöfn og aðgangsorð er honum hafa verið úthlutað. Notandi skal skipta um aðgangsorð ef minnsti grunur er um að óviðkomandi aðili hafi komist yfir upplýsingar um það. Félagið áskilur sér rétt til að fara fram á að seljandi skipti um aðgangsorð með því að senda seljanda boð þar um. Félagið ber ekki ábyrgð á misnotkun ef óviðkomandi aðili þekkir aðgangsorðið. Eingöngu er hægt að breyta aðgangsorði á þjónustuvef eða hjá félaginu.
- 5.5.** Seljanda er heimill aðgangur að þjónustuvef og þeirri þjónustu sem þar er í boði á hverjum tíma.
- 5.6.** Félagið er ekki ábyrgt fyrir því tjóni sem getur orsakast beint eða óbeint, vegna bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði félagsins eða seljanda, vegna lokunar tímabundið eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að seljandi geti ekki notað þjónustuvef.
- 5.7.** Félagið áskilur sér rétt til að loka þjónustuvef tímabundið ef þörf krefur.
- 5.8.** Félagið áskilur sér rétt til að útiloka seljanda komist upp um misnotkun eða tilraun til misnotkunar af hans hálfu.
- 5.9.** Félagið áskilur sér rétt til að loka aðgangi seljanda að þjónustuvef hafi hann ekki verið notaður í ákveðinn tíma.
- 5.10.** Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar félagsins.

Skilmálar þessir gilda frá 3. apríl 2015

Reykjavík, 20. mars 2015